



Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 30. jan. 2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um starfsmenn í hlutastörfum, 411. mál,  
EES-reglur.**

Konur eru mun fleiri í hlutastörfum en karlar.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á nauðsyn þess að gera ráðstafanir til að efla atvinnu. Þá er stuðlað að auknum tækifærum kvenna og karla. Hvatt til þess að gerðar verði ráðstafanir sem miði að því að skapa fleiri atvinnutækifæri, einkum með sveigjanlegri vinnutilhögun, og með því gera konum og körlum kleift að samræma atvinnu og heimilislíf.

Með þessu er bæði konum og körlum gefin aukin tækfæri á að nýta möguleika til menntunar í því augnamiði að auka faghæfni og stuðla að starfsframa. Það er mat stjórnar Kvenréttindafélags Íslands að í frumvarpinu séu þættir sem auka sjálfstæði og sóknarfæri kvenna og séu þeim til hagsbóta.

Hlutastörf henta vel þeim sem sinna barnauppleði, en slíkum störfum hefur fækkað verulega á síðasta áratug. Með sveigjanlegri vinnutilhögun eru auknir möguleikar á farsælli samræmingu vinnu og heimilislífs svo og lögð áhersla á mikilvægi umönnunar barna í samfélaginu.

Virðingarfyllt,  
f.h. Kvenréttindafélags Íslands

*Ragnhildur G. Guðmundsdóttir*  
Ragnhildur G. Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri